Skjal nr. A 201/2009
Móttekið til þinglýsingar

6. JÚLÍ 2009

Frumrit stimplað með
kr. 500,-

ÍSLAND
6.7.09
KR 500
STIMPILGJALD

# Ræktunarsamningur
# Fyrir skeiðvelli og aðra aðstöðu

## Bæjarstjórn Fjallabyggðar

Gjörir kunnugt með bréfi þessu:

Samkvæmt tillögu Byggingar og skipulagsnefndar, dags. 2. nóvember 1982 og fundarsamþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar dags, 11. nóvember 1982 er Hestamannafélaginu Glæsir kt. 590990-2059, leigð landspilda úr jörðinni Leyningi til aðstöðu fyrir starfsemi félagsins, svo sem byggingu hringvallar, hlaupabrautar og gerðis, sem er aðstaða fyrir mótahald og útivist.
Sem lýst er í tölulið 1.0. hér á eftir og meðfylgjandi uppdráttur sýnir, með eftir farandi nánari skilmálum:

1. Landinu er lýst eftirfarandi:

Lega lóðarinnar. Er sýnd á viðfestum uppdrætti gerðum af Verkfræðistofu Siglufjarðar í janúar 2006. Hnitaskrá, Nr, 2 Nr, 3 Nr, 4 Nr, 22 Nr, 23 Nr,24 Nr, 25 Nr, 26 Nr, 27 Nr, 28 Nr, 29.

Stærð. Landið er úr landi Leynings **landnúmer. 142264**
Hið leigða land er 198,544,6 fermetrar.
Landið ber heitið, Leyningur Glæsir.
**Landnúmer. 207500**

Innfært
6 JÚLÍ 2009

2. Leiguskilmálar:

1. Landið er leigt í óákveðinn tíma.
2. Leigutaki skal greiða bæjarsjóði fyrir afnot lóðarinnar samkv. reglugerð um lóðarleigu og lóðartökugjald í Fjallabyggð eins og hún er á hverjum tíma. Lóðarleiga er nú. 1000,00 kr.
3. Landið er leigt til ræktunar og aðstöðu fyrir hestamenn, en eigi til bygginga, svarðartöku eða annarra afnota, hverju nafni sem nefnist, án sérstaks leyfis leigusala.

4. Leigutaki skal hafa girt landið traustri, gripheldri girðingu, áður en ár er liðið frá undirskrift samnings þessa, ella fellur landið aftur til bæjarins, endurgjaldslaust. Það er þó á valdi leigusala, hvort samningurinn fellur úr gildi eða ekki.

5. Hvenær sem leigusali þarfnast landsins handa bænum, svo sem undir vegi, byggingarlóðir o. s. frv., eða annarra bæjarfyrirtækja, er leigutaka skylt að láta af hendi lóðarétt sinn, hvort heldur er að öllu landinu eða nokkrum hluta þess, gegn bótum eftir mati dómkvaddra manna. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur slík mannvirki á þeim hluta landsins, sem leigusali krefst sér afhent, skal þá greiða eiganda þeirra bætur eftir samkomulagi, eða mati dómkvaddra manna.

6. Leigutaka er óheimilt að framleigja landið, nema með samþykki leigusala.

7. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lagðir kunna að verða á landið sem gjaldstofn.

8. Við slit eða lok samnings greiðir leigusali leigutaka fyrir ræktun og önnur mannvirki á landinu, eftir samkomulagi eða eftir mati óviðhallra , dómkvaddra manna.

9. Mál, sem rísa kunn út af samningi þessum má reka fyrir, Héraðsdómi norðurlands eystra.

10. Samningur þessi öðlast gildi þegar bæjarstjórinn í Fjallabyggð og fulltrúi lóðarhafa hafa samþykkt hann með undirskriftum sínum.

Siglufirði. 25. Maí 2009.

[signature] Fjallabyggð Bæjarstjóri

Bæjarstjórinn í Fjallabyggð.

Kristín Úlfsd.

Samþykkur framanrituðum samningi:
formaður Hestamannafélagsins Glæsis

Vitundarvottar:

[signature] kt. 211141-7519

[signature] kt. 050561-4889



## Hnitaskrá

| Nr | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 2 | 4839,812 | 3448,269 |
| 3 | 4789,944 | 3516,800 |
| 4 | 4748,802 | 3858,208 |
| 22 | 4897,400 | 3009,557 |
| 23 | 4662,751 | 4112,361 |
| 24 | 4496,338 | 4056,018 |
| 25 | 4537,726 | 3960,338 |
| 26 | 4544,663 | 3839,590 |
| 27 | 4683,509 | 3383,744 |
| 28 | 4671,236 | 3202,447 |
| 29 | 4675,590 | 3011,596 |

Hestamannafélagið Glæsir

Siglufirði 25.05.2009

Fjallabyggð
Byggingarfulltrúi
F.h. [signature] Júlíusson

Landnúmer. 207500

VERKFRÆÐISTOFA SIGLUFJARÐAR sf

| | | | |
|---|---|---|---|
| Siglufjarðarkaupstaður<br>Lóðir<br>**Teikning með lóðasamningum** | Blað | Teikning nr. | 60126 |
| | Dags | Febrúar 2006 | |
| | Samþ | | |
| Kvarði 1:2000 | Breyting | | |